

## Greinagerð með viðauka og lántöku Seyðisfjarðarkaupstaðar í maí 2020

Í ljósi COVID-19 hafa tekjur kaupstaðarins dregist talsvert saman og útlit fyrir því að það muni ágerast á komandi mánuðum. Lausafjárstaðan er slæm og bæjarsjóður rekinn á yfirdrætti um þessar mundir eða þar til lántaka verður í höfn.

Mikilvægt er að halda atvinnustarfsemi gangandi og að koma framkvæmdum þeim sem eru á fjárhagsáætlun hjá sveitarfélaginu af stað. Ljóst er að fjárhagslegur vandi hjá fyrirtækjum í sveitarfélaginu sem starfa í ferðaþjónustu er stór og hefur bæjarsjóður nú þegar gefið frest á fasteignagjöldum í tvo mánuði.

Samdráttur í framlagi jöfnunarsjóðs er áætlaður um kr. 20 milljónir, í útsvarstekjum kr. 20 milljónir og í tekjum hafnarinnar um kr. 80 milljónir eða samtals áætlaður samdráttur í tekjum er upp á kr. 120 milljónir. En í gjöldum hafnarinnar er gert ráð fyrir samdrætti upp á kr. 20 milljónir vegna þjónustu við skemmtiferðaskip. Verstu spár gera ráð fyrir því að það muni verða algjört hrun í komu skemmtiferðaskipa en eins og staðan er í dag hafa afbókað komu sína um 1/3 þeirra 70 skipa sem höfðu bókað komu sína í sumar. Tekjur vegna Norrænu hafa einnig dregist töluvert saman þar sem í venjulegu ári er þó nokkuð um svokallaða cruise farþega í mars, apríl, maí og júní. Í mars og apríl var ekki siglt með farþega nema tvær síðustu ferðir og þá einungis um 20 farþegar í hvorri ferð í stað um 5-600 farþega í ferð í venjulegu árferði.

Gert er ráð fyrir að halda starfssambandi við starfsmenn hafnarinnar og að á höfninni fari starfsmenn sem starfa venjulega við móttöku á skemmtiferðaskipum í viðhaldsverkefni. Einnig er gert ráð fyrir innspýtingu í sumarstarfsemi áhaldahússins sem viðspyrnu við COVID-19, sérstaklega varðandi sumarstarfsemi og sérstök verkefni á vegum sveitarfélagsins. Því er gert ráð fyrir auknu fjármagni upp á kr. 20 milljónir til þess að bæta við starfsfólki, auka við verkkaup, bæta í efniskaup (þökur, hellur o.s.frv.) til fegrunar svæða í kaupstaðnum, nýta vinnustaðaúrræði sem í boði eru, bæta í stígagerð sem og að bæta bíla- og vélakost áhaldahússins.

Í fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir fjárfestingum upp á kr 209 milljónir sem fjármagna átti með kr. 80 milljóna lántöku, sölu eigna upp á kr. 45 milljónir og handbæru fé.

Mikil óvissa er í kortunum og því líklegra en ekki að þær áætlanir sem gerðar eru í dag verði úreltar á morgun. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar, fjármálaráðgjafi, starfsfólk, bæjarfulltrúar og bæjarstjóri hafa á síðustu tveimur vikum reynt að greina stöðuna og að gera áætlanir og þetta er niðurstaðan. Eins og áður kom fram er lausafjárstaðan slæm og nauðsynlegt að bregðast við svo fljótt sem auðið er.

Seyðisfirði 1. maí 2020

Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri

Rekstur

Áætlun með viðaukum 2020

Málaflokkayfirlit	Viðauki 1			Viðauki 2			Viðauki 3			Upphafleg Fjárhagsáætlun		
Árið 2020	Viðauki 1			Viðauki 2			Viðauki 3			Fjárhagsáætlun með viðaukum		
	Laun og lt gjöld	Annar rekstrarkostn	Samtals	Annar rekstrarkostn	Samtals	Rekstrar tekjur	Annar ekstrarkostn	Samtals	Rekstrar- niðurstaða	Samtals viðaukar	með viðaukum	
<b>Aðalsjóður</b>												
00 - Skatttekjur.....			0		0	( 40.000 )		( 40.000 )	685.493	( 40.000 )		645.493
02 - Félagspjónusta.....			0		0			0	35.767	0	( 35.767 )	
03 - Heilbrigðismál.....			0		0			0	1.449	0	( 1.449 )	
04 - Fræðslu- og upplidsmál.....		1.000	( 1.000 )		0			0	316.970	( 1.000 )	( 317.970 )	
05 - Menningarmál.....			0	1.000	( 1.000 )			0	57.864	( 1.000 )	( 58.864 )	
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....			0		0			0	65.244	0	( 65.244 )	
07 - Brunamál og almannavarnir.....			0		0			0	24.590	0	( 24.590 )	
08 - Hreinlætismál.....			0		0			0	8.238	0	( 8.238 )	
09 - Skipulags- og byggingamál.....			0		0			0	14.078	0	( 14.078 )	
10 - Umferðar- og samgöngumál.....			0		0			0	28.341	0	( 28.341 )	
11- Umhverfismál.....			0		0			0	18.037	0	( 18.037 )	
13 - Atvinnumál.....			0		0			0	14.686	0	( 14.686 )	
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....			0		0			0	0	0	0	
21 - Sameiginlegur kostnaður.....		( 1.000 )	1.000		0			0	67.790	1.000	( 66.790 )	
22 - Lífeyrirskuldbindingar.....			0		0			0	34.450	0	( 34.450 )	
28 - Fjármagnsliðir.....			0		0			0	2.512	0	( 2.512 )	
Aðalsjóður	0	0	0	1.000	( 1.000 )	( 40.000 )	0	( 40.000 )	4.523	( 41.000 )	( 45.523 )	
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>												
Eignasjóður.....			0	( 1.000 )	1.000		11.400	( 11.400 )	32.455	( 10.400 )	22.055	
Þjónustumiðstöð.....	2.500	( 2.500 )	0		0		4.600	( 4.600 )	4.878	( 4.600 )	( 9.478 )	
A - hluti samtals	2.500	( 2.500 )	0	0	0	( 40.000 )	16.000	( 56.000 )	23.054	( 56.000 )	( 32.946 )	
<b>Sjóðir í B - hluta</b>												
Hafnarsjóður.....			0		0	( 80.000 )	( 16.000 )	( 64.000 )	48.004	( 64.000 )	( 15.996 )	
Vatnsveita.....			0		0			0	9.558	0	9.558	
Fráveita.....			0		0			0	7.080	0	7.080	
Leigugeignir.....			0		0			0	18.213	0	18.213	
Félagslegar íbúðir.....			0		0			0	2.092	0	2.092	
A og B hluti samtals	2.500	( 2.500 )	0	0	0	( 120.000 )	0	( 120.000 )	108.001	( 120.000 )	( 11.999 )	

Viðauki 1:

Nettó áhrif í rekstri eru núll, tilfærslur milli lykla og deilda innan A hluta.

Viðauki 2:

Nettó áhrif í rekstri eru núll, tilfærslur milli lykla og deilda innan A hluta.

Viðauki 3:

Nettó áhrif í rekstri eru 56 millj. kr. hjá A hluta og 64 millj. kr. hjá B hluta, samtals 120 millj. kr.

Yfirlit rekstraráætlun 2020

Rekstrarreikningur

	A hluti			Samant. A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur.....	515.305	( 20.000 )	495.305	515.305	( 20.000 )	495.305
Framlög jöfnunarsjóðs.....	170.644	( 20.000 )	150.644	170.644	( 20.000 )	150.644
Aðrar tekjur.....	209.207	0	209.207	489.840	( 80.000 )	409.840
	895.156	( 40.000 )	855.156	1.175.789	( 120.000 )	1.055.789
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	488.049	2.500	490.549	537.640	2.500	540.140
Annar rekstrarkostnaður.....	352.436	13.500	365.936	433.166	( 2.500 )	430.666
Afskriftir.....	21.791	0	21.791	59.970	0	59.970
	862.276	16.000	878.276	1.030.776	0	1.030.776
Niðurstaða án fjármagnsliða	32.880	( 56.000 )	( 23.120 )	145.013	( 120.000 )	25.013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	( 9.826 )	0	( 9.826 )	( 37.012 )	0	( 37.012 )
Rekstrarniðurstaða.....	23.054	( 56.000 )	( 32.946 )	108.001	( 120.000 )	( 11.999 )

## Yfirlit sjóðstreymisáætlun 2020

## Sjóðstreymisyfirlit

## Rekstrarhreyfingar:

	A hluti			Samant. A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum
Niðurstaða ársins.....	23.054	( 56.000 )	( 32.946 )	108.001	( 120.000 )	( 11.999 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	21.791	0	21.791	59.970	0	59.970
Verðbætur og gengismunur .....	5.776	0	5.776	17.822	0	17.822
Breyting á skuldbindingum .....	34.090	0	34.090	34.090	0	34.090
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	( 18.300 )	0	( 18.300 )	( 36.800 )	0	( 36.800 )
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	66.411	( 56.000 )	10.411	183.083	( 120.000 )	63.083
Breytingar á skammtímalíðum:						
Afborganir skuldbindinga .....	( 16.000 )	0	( 16.000 )	( 16.000 )	0	( 16.000 )
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	( 16.000 )	0	( 16.000 )	( 16.000 )	0	( 16.000 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	50.411	( 56.000 )	( 5.589 )	167.083	( 120.000 )	47.083
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 129.500 )	0	( 129.500 )	( 209.500 )	0	( 209.500 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	25.000	0	25.000	45.000	0	45.000
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, br.....	5.319	0	5.319	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 99.181 )	0	( 99.181 )	( 164.500 )	0	( 164.500 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	8.812	0	8.812	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	52.000	56.000	108.000	80.000	96.000	176.000
Afborganir langtímalána.....	( 28.189 )	0	( 28.189 )	( 98.757 )	0	( 98.757 )
Skammtímalán, breyting.....		0	0		0	0
Fjármögnunarhreyfingar	32.622	56.000	88.622	( 18.757 )	96.000	77.243
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	( 16.148 )	0	( 16.148 )	( 16.174 )	( 24.000 )	( 40.174 )
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun .....	60.207	0	60.207	65.217	0	65.217
Handbært fé (fjárbörf) í árslok .....	44.059	0	44.059	49.043	( 24.000 )	25.043